

8. fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn þriðjudaginn 21. apríl 2015 og hófst kl 14:30

Mætt eru: Kristinn Lárusson, Svala Sævarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Dagrún Þórisdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Kristinn Lárusson, formaður fræðslunefndar setti fund og spurði hvort fundarmenn hefðu athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Svala og Hulda boðnar velkomnar til starfa í fræðslunefnd.

1. Kosning varaformanns og ritara.

Hildur og Dagrún gáfu kost á sér til að gegna áfram störfum sínum sem ritari og varaformaður. Samþykkt samhljóða.

Kl 15 mættu: Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, María Guðmundsdóttir, Lára Sigurðardóttir og Árni Davíð Haraldsson.

2. Skýrsla skólastjóra

a. Leikskólinn Barnaból

Halldóra Jóhanna fór yfir ýmsa punkta úr starfi leikskólans frá áramótum.

- Dagur leikskólans, börnin dreifðu vinahjörtum í fyrirtæki bæjarins
- Norðurþingsdagurinn
- Öskudagur, þorablót, mömmukaffi
- Magdalena fór á ráðstefnu á Akureyri í vetur og kynnti lokaverkefni sitt.
- Frekar mikil veikindi búin að vera í vetur.
- Allt starfsfólk fer á morgun í námsferð til Brighton á námskeið og í skólaheimsóknir.
- Á meðan starfsfólk er á ferðalagi á að bæta starfsmannaaðstöðu leikskólans, mála og setja ný húsgögn.
- Dreifði skólanámskrá Barnabóls 2015 – 2016 til allra fundarmanna.

Framundan er;

- Útskrift og útskriftarferð
- Sumarlokun 29. júní í 5 vikur.
- Tvö börn verða tekin inn í maí, þegar 6 ára börnin hætta og svo aftur tvö í ágúst. Næsta vetur ættu þá öll börn sem hafa náð aldri að fá pláss.

Skólapúlsinn. Halldóra fór yfir niðurstöður skólapúlsins – foreldrakönnun. Þar kemur skólinn almennt mjög vel út nema þegar kemur að aðstöðu og öryggi í leikskólanum. Hefur t.d. hækkað skor með upplýsingagjöf en lækkað mikið hvað varðar aðstöðu og öryggi.

b. Grunnskólinn á Bakkafirði

María fór yfir helstu punkta úr skólastarfinu;

- Háskólalestin er væntanleg á svæðið 22.–23. maí og verður með þemakennslu fyrir alla í 5. – 10. bekk hjá Langanesbyggð. Laugardagurinn verður opinn hátíðardagur fyrir alla íbúa. María þarf þá að færa til skólaslit, ætlar að ræða við sína foreldra um það.
- Leikskólinn tók til starfa 1. febrúar og eru 3 börn. Gengur vel en á eftir að ganga betur frá lóðinni, t.d. rólum og hliðum.
- Leiksýning er áætluð 8.maí og á að sýna Hróa Hött í útsetningu leikhópsins Lottu.
- Vorferðin í ár verður á Austurland og fara allir nemendur með.
- Skólapúls. Lagt fyrir nemendur í þessari viku en ákveðið að sleppa foreldrakönnunninni.
- Samræmd próf komu mjög vel út.
- Bylgja er í kennslufræðinámi frá HA þennan vetur. Næsta vetur í verknámi, hjá Maríu ásamt samstarfi við GP og Vopnafjörð.
- Talnalykillinn kom vel út
- Jafnréttisáætlun var samþykkt af jafnréttisstofu.
- María dreifði lista yfir framkvæmdir og lagfæringar sem aðkallandi eru í skólanum.
- Verið er að vinna í að tengja námsmat lykilhæfni.
- Skólastjórafundur og Norðurþingsdagur.

c. Grunnskólinn á Þórshöfn

Ingveldur Eiríksdóttir fer yfir helstu atriði úr skólastarfi vetrarins.

- Starfsmannamál
 - Ráðinn var fjölíði í staðinn fyrir húsvörð, sem sinnir flestu sem til fellur.
 - Sérkennsla – kom inn núna í mars og létti á
 - Miðstig, stór hópur sem Ingveldur hefur kennt í vetur, ekki fundist neinn kennari í það.
 - Forföll starfsmanna hafa verið mikil af ýmsum ástæðum, t.d. fæðingarorlof og veikindi starfsmanna og barna.
- Þróunarstarf
- Grunnskólinn á Þórshöfn og grunnildi menntunar
 - Skólanámsskrá lokið maí 2015
 - ART – vottun 2015
 - Byrjendalæsi – orð af orði, bók af bók, læsi til náms.
 - Olweusaráætlun – uppeldi til ábyrgðar

- Nýtt: „Lýðræði, þátttaka og hlutdeild allra í skólastarfi GP“ GP fékk 1 milljón úr Sprotasjóði í það verkefni. Markmið verkefnisins að skólinn endurspegli það fjölþjóðlega samfélag sem hann er í. Miðar að því að auka þátttöku allra foreldra og barna í verkefnum skólans.
- Atburðir vetrar t.d.
 - Dagur íslenskrar tungu, Nordplus, Litlu jólin, Þorablót, skólahreysti.
 - Sérstaklega skal geta árshátíðarinnar sem var í alla staði glæsileg.
- Styrkleikar
 - Þróunarstarf, endurmenntun allra
 - Læsi hefur stórbátnað, í 1.-5. árgangi eru allir að ná lestrarviðmiðunum sínum.
 - Sterkari staða í stærðfræði
 - Agamálum miðar í rétta átt.
 - Samstarf við fagaðila
 - Lítil starfsmannavelta.
- Skólapúlsinn, foreldrakönnun.
Grunnskólinn á Þórshöfn bætir sig í flestum þáttum og sérstaklega stendur uppúr ánægja með mötuneytið.
Heilt yfir er ánægja foreldra með skólann meiri í ár en undanfarin ár.

d. Tónlistarskóli Langanesbyggðar

Ingveldur sagði frá því hvernig gengið hefur í vetur. Áætlað að nemendur á Bakkafirði komi meira fram þar og nemendur hér fari líka meira þangað. Kadri ætlar að vera áfram næsta vetur.

3. Önnur mál

- Dagatal fyrir fræðslunefnd
Óskað eftir að skólastjórar aðstoði fræðslunefnd við að búa til starfsáætlun fyrir nk. vetur.
- Staðsetning á fundum og uppsetning fundadagskrár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:30